

Ed.

26. Frumvarp til laga

[22. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, hljóði þannig:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 26.22 — krónur tuttugu og sex tuttugu og tveir — hvert sterlingspund (£), og annarrar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna breytingar á gengi sterlingspunds gagnvart dollar og til að halda gengi íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi óbreyttu og þannig koma í veg fyrir, að íslenzkar útflutningsafurðir lækki í verði, telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að breyta nú þegar lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, hljóði þannig:

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 26.22 — krónur tuttugu og sex tuttugu og tveir — hvert sterlingspund (£), og annarrar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.